



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNAEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 02.03.2020

Kl.: 18:00

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Hættustig vegna COVID-19

Lýsing á atburði

Þrjú tilfelli af veirunni SARS-CoV-2 sem veldur COVID-19 sjúkdómi verið staðfest á Íslandi. Viðkomandi einstaklingar eru í einangrun. Um 260 manns, sem hafa verið í samskiptum við viðkomandi einstaklinga, eru í sóttkví.

Enn er unnið samkvæmt hættustigi almannavarna og Landsáætlun um heimsfaraldur.

Staða mála

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag 3. mars 2020 hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 89.200 einstaklingum og um 3.000 einstaklingar hafa látist (3,4%). Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 45.394 einstaklegar náð sér eftir veikindin. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuógn. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu](#) (ECDC) varðandi þróun mála. [Sjá áhættumat ECDC.](#)

Kína, Suður-Kórea, Íran og Ítalía (frá og með 29. febrúar 2020) eru skilgreind áhættusvæði vegna COVID-19. Allir þeir sem hafa fasta búsetu á Íslandi sem koma fram þessum svæðum – þó svo að þeir fljúgi frá flugvöllum sem ekki eru á skilgreindu áhættusvæði – þurfa að fara í 14 daga sóttkví. Þrír Íslendingar eru í sóttkví á Tenerife

Evrópa	Tilfelli	Dauðsföll
Ítalía	1689	35
Frakkland	130	2
Þýskaland	129	0
Spánn	83	0
Bretland	36	0
Sviss	24	0
Noregur	19	0
Austurríki	14	0
Svíþjóð	14	0
Holland	13	0
San Marínó	8	1
Króatía	7	0
Grikkland	7	0
Finnland	6	0
Danmörk	4	0
Rúmenía	3	0
Tékkland	3	0
Ísland	3	0
Belgía	2	0
Írland	1	0
Luxemburg	1	0
Eistland	1	0
Litháen	1	0
Mónakó	1	0
Bandaríkin	86	2
Kanada	24	0

Ísland. Staðan í dag.

- Í dag hafa þrjú tilfelli sem veldur COVID-19 sjúkdómum verið greind á sýkla- og veirufræðideild Landspítala. Samtals hafa því sex tilfelli veirunnar verið greind hér á landi, þrír karlar og þrjár konur. Fólkinu heilsast vel. Þau eru öll nýkomin til landsins frá Norður-Ítalíu. Fólkið er nú í einangrun.
- Sá sem fyrst smitaðist er útskrifaður af Landspítala heim í sóttkví.
- Í dag voru 19 sýni rannsökuð á Landspítala, þar af reyndust þrjú fyrrnefnd tilfelli jákvæð. Frá upphafi hafa um 150 sýni verið rannsökuð. Í kringum 260 manns eru í sóttkví á landinu öllu. Smitrannsóknateymi hefur haft samband við 115 einstaklinga.
- 260 manns eru í sóttkví hér á landi. Þau tilfelli sem greind hafa verið má öll rekja til ferðlaga viðkomandi aðila um Norður-Ítalíu. Öll voru þau á ferð utan skilgreindra áhættusvæða á Norður Ítalíu (Selva og Andalo).
- Sóttkví á að vara í 14 daga frá þeim degi er fólk varð útsett fyrir smiti. Svo gæti farið að fleiri muni þurfa að fara í sóttkví á næstu dögum. Atvinnurekendur og stjórnendur á vinnumarkaði eru hvattir til að sýna stöðu þessa fólks skilning.
- Vitað er að fjöldi heilbrigðisstarfsmanna, ekki síst af Landspítala eru á faraldsfæti, en af hálfu Landspítala er verið að athuga stöðuna. Því er líklegt að einhver fjöldi heilbrigðisstarfsmanna þurfi að fara í sóttkví sem varir í 14 daga. Þá er ljóst að íslenskt heilbrigðiskerfi er viðkvæmt og það gæti orðið afdrifaríkt ef upp kæmi smit hjá heilbrigðisstarfsmanni. Því vilja landlæknir, sóttvarnalæknir og almannavarnir biðla til heilbrigðisstarfsmanna að fresta öllum utanlandsferðum eftir því sem kostur er meðan það skýrist hvert umfang faraldursins verður.
- Upplýsingateymi almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra vinnur að því að koma upplýsingum um COVID-19 til þeirra sem teljast til viðkvæmra hópa. Þetta eru t.d. aldraðir einstaklingar og þeir sem eru með undirliggjandi sjúkdóma. Þetta verður gert í samráði við sjúklingasamtök, fagfélög og hagsmunahópa þessara einstaklinga.
- Unnið er að gerð leiðbeininga og upplýsinga fyrir mismunandi markhópa hér á landi.
- Unnið er að opnun farsóttarhúss á Rauðarárstíg í Reykjavík. Tilgangur þess er að hýsa einstaklingar sem hafa verið útsettir fyrir smiti en eiga ekki greiðan aðgang að húsnæði hér á landi (t.d. ferðamenn). 70 herbergi verða í húsinu. Verkefnið er á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Rauða krossins. Í dag var kennsla og fræðsla fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða Rauða krossins.
- Smitrannsóknateymi almannavarna og sóttvarnalæknis hefur unnið sleitulaust að því að rekja smitleiðir vegna þeirra þriggja tilfella sem hafa verið staðfest. Þau hafa notið liðsinnis heilbrigðisstarfsmanna á Landspítala.
- Samstarf 1700 og Rauða krossin hefur verið stóreflt. Starfsfólk á vegum Rauða krossins mun taka við yfirflæði myndist of mikið álag á 1700. Þrátt fyrir erfiðleika eftir að fyrsta staðfesta smitið hefur 1700 tekist að anna þeirri eftirspurn sem myndast hefur eftir upplýsingum. **Þetta er forgangsmatið enda skiptir öllu að fólk eigi greiðan aðgang að upplýsingum.**
- Unnið er að upplýsingagjöf til ferðamanna, ferðaþjónustuaðila og sendiráða um viðbrögð og stöðu mála.
- Stöðufundur fyrir fjölmiðla var haldinn í dag kl. 14:00 í Björgunarmiðstöðinni, Skógarhlíð 14.
- Næsti stöðufundur í samhæfingarstöð almannavarna verður þriðjudaginn 4. mars kl. 08:15